



SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS



Reykjavík 6. apríl 2024

Umsögn Félags skipstjórnarmanna, Félags Vélstjóra og málmtæknimanna og Sjómannasambands Íslands (hér eftir nefnt félögin) um mál nr. 847 „Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna (hér eftir nefnt VSS“.

Meðfylgjandi eru umsagnir félaganna um fyrirhugaða breytingu á lögum um VSS. Í fyrri umsögn félaganna dags. 15.12.2023 við mál nr. S-252/2023 áform um lagasetningu lýstu félögin yfir ánægju með fyrirhugaða lagabreytingu og sendu því enga umsögn við drögin að frumvarpinu eins og þau voru kynnt í samráðsgátt í máli Nr. S-4/2024. Félögin sendu hinsvegar inn umsögn við drögin þann 23. febrúar 2024, þegar þau komu fram á ný í máli nr. S-36/2024, en þá hafði orðið sú breyting á drögunum að gert var ráð fyrir því að ráðherra væri heimilt að fela forstöðumanni annarrar ríkisstofnunar að veita VSS forstöðu með skipun til allt að 5 ára í senn.

Félögin gera alvarlega athugasemd við 1. grein frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 2. grein frumvarpsins um að ráðherra geti falið öðrum forstöðumanni ríkisstofnunar að veita jafnframt forstöðu Verðlagsstofu skiptaverðs. Þessu mótmæla félögin.

Félögin vísa meðal annars til bókana í nýgerðum kjarasamningum um nauðsyn þess að Verðlagsstofa skiptaverðs sé sjálfstæð stofnun, félögin hafa á fundum í ráðuneytinu ítrekað skoðun þeirra á málinu. VSS er öryggisventill um fiskverð sem settur var á með lögum, til að efla traust og gagnsæi.

Félögin hafa fullan skilning á því að VSS sé rekin með hagkvæmum hætti og deili húsnaði og einhverjum þáttum starfseminnar með annarri ríkisstofnun. Sjálfstæði VSS verður að vera óumdeilt, stofnunin er alltof mikilvæg til þess að minnsti vafi leiki á um sjálfstæði hennar.

Félögin ítreka að fiskverð upp úr sjó er grundvöllur launa sjómanna og hefur þar með bein áhrif á tekjur sveitarfélaga af aflagjöldum og útsvarstekjum, skatttekjur ríkissjóðs ofl. Það er því mikið hagsmunamál að um verðlagningu á fiski upp úr sjó ríki traust á milli sjómanna og útgerða og landsmanna allra.

Sjálfstæði Verðlagsstofu skiptaverðs verður að vera óumdeilt, traust og sjálfstæði kostar mögulega peninga, en það eru smáaurar í samanburði við hvað sjálfstæðið getur skilað sjómönnum, sveitarfélögum og ríki til baka í réttu fiskverði.

Við bendum á að lögín voru sett 1998 til lausnar erfiðum kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna.

Við bendum á bókanir í nýlega samþykktum kjarasamningum sjómanna sem eru í umsögnum okkar.

Félögin leggja til að 2. gr. laganna verði óbreytt.

Undirritaðir eru tilbúnir að koma á fund Atvinnuveganefndar til að ræða málið og skýra frekar.

Fh. Félags skipstjórnarmanna



Árni Sverrisson

Fh. Sjómannasambands Íslands



Valmundur Valmundsson

Fh. VM Félags vélstjóra og málmtæknumanna



Guðmundur Helgi Þórarinnsson